



ÁRSSKÝRSLA
HÆSTARÉTTAR
2021

HÆSTIRÉTTUR ÍSLANDS

ÁRSSKÝRSLA 2021

Umbrot: KRÍA hönnunarstofa
Ljósmyndir: Saga Sigurðardóttir

HÆSTIRÉTTUR ÍSLANDS

Dómhúsinu við Arnarhól
101 Reykjavík
510 - 3030
haestirettur@haestirettur.is

EFNISYFIRLIT

Ávarp forseta.....	4
Nýr skrifstofustjóri	6
Dómarar	8
Aðrir starfsmenn.....	11
Varadómarar	12
Tilnefningar	14
Hlutverk Hæstaréttar.....	16
Áfrýjuð og kærð mál	17
Helstu dómur - reifanir.....	18
Einkamál	18
Sakamál.....	20
Viðburðir á árinu.....	22
Tölfræði.....	27

ÁVARP FORSETA

Við síðustu áramót voru fjögur ár liðin frá því breyting á dómstólaskipaninni kom til framkvæmda með stofnun millidómstigs. Frá þeim tíma hefur Hæstiréttur verið þriðja dómstigið með það hlutverk að dæma einkum í málum sem geta verið fordæmisgefandi. Árið 2018 komu fá mál til meðferðar á þriðja dómstigi en starfsemin á því ári laut fyrst og fremst að því að ljúka þeim einkamálum sem áfrýjað hafði verið til réttarins frá héraðsdómi fyrir breytinguna. Árið 2019 einkenndist af því að 12. mars það ár gekk dómur Mannréttindadómstóls Evrópu í svokölluðu Landsréttarmáli. Svo sem alkunna er varðaði málið skipun dómara við réttinn. Vandkvæðin sem við þetta sköpuðust röskuðu ekki aðeins starfsemi Landsréttar heldur einnig Hæstaréttar. Í upphafi árs 2020 skall síðan á heimsfaraldur sem hafði árif á starfsemina sem má meðal annars ráða af því að aðeins gengu 38 dómar á árinu samanborið við 50 árið á undan. Árið 2021 má því segja að sé það fyrsta frá breytingu á dómstólaskipaninni þar sem starfsemin hefur í flestu tilliti gengið áfallalaust fyrir sig en á árinu gengu 55 dómar. Þetta endurspeglast einnig í fjölda beiðna um málskot en þær voru 166 árið 2019, 138 árið 2020 og 156 árið 2021.

Málatölur á liðnum árum eru í samræmi við það sem gert var ráð fyrir við setningu gildandi dómstólalaga árið 2016 sem innleiddu

þriðja dómstigið. Hæstiréttur er hins vegar í stakk búinn fyrir frekari áskoranir og í samráði við réttinn hefur réttarfarsnefnd lagt til laga-breytingar sem miða að því að auka aðgengi að réttinum. Þessar breytingar fela annars vegar í sér að rýmkuð verði heimild til að áfrýja héraðsdómi í mikilvægum málum beint til Hæstaréttar þegar ekki reynir á mat á munnlegri sönnunarfærslu og hins vegar að unnt verði að skjóta til réttarins úrskurðum um réttarfarsatriði í einkamálum með kæruleyfi. Hvoru tveggja fæli í sér þarfar réttarfarsumbætur.

Eftir að rétturinn hóf að starfa á þriðja dómstigi hafa orðið breytingar á samningu dóma með hliðsjón af því hlutverki hans að vera fordæmisgefandi. Þannig eru dómar ítarlegri en áður og eftir því sem fært þykir er leitast við að skýra réttarstöðuna á viðkomandi réttarsviði. Að baki því býr nákvæm athugun á réttarframkvæmdinni og þeim fræðilega grundvelli sem hefur þýðingu við úrlausn máls. Jafnframt var á liðnu ári ráðist í að hanna nýtt útlit á dómum réttarins, sem tekur betur mið af breyttum efnistöðum við dómasamningu, en nú er efninu skipað í kafla með fyrirsögnum og númeruðum málsgreinum. Einnig tekur þetta nýja útlit mið af vefbirtingu í stað prentaðrar útgáfu sem hætt hefur verið fyrir löngu. Þá var gerð sú breyting að hætta að endurbirta úrlausnir lægri dómstiga með dómum réttarins en þess í stað eru þær aðgengilegar með hlekk



Benedikt Bogason

á frumbirtingu. Sama á við um ákvarðanir réttarins vegna málskotsbeiðna en þær eru birtar með hlekk á þá úrlausn sem ákvörðunin tekur til. Þetta felur í sér aukið gagnaöryggi og dregur úr hættu á öryggisbresti með tilliti til persónuverndar.

Þegar dómstigum var fjölgað var það yfirlýst markmið að koma eftir fremsta megni í veg fyrir að það ylli drætti á málsmeðferð. Það hefur ekki gengið eftir því að nú líða allt að 18 mánuðir frá áfrýjun á héraðsdómi í einkamáli þar til dómur Landsréttar gengur. Mikilvægt er að á þessu verði ráðin bót.

Á liðnu ári lauk ritun á aldarsögu Hæstaréttar en ritið var gefið út í lok ársins. Höfundur bókarinnar er Arnþór Gunnarsson sagnfræðingur. Við ritun sögunnar var staðið að verki í samræmi við kröfur um vísindaleg vinnubrögð. Bókin felur í sér mikilvægt framlag til ritunar þeirrar sögu sem liðin er frá því að Ísland öðlaðist fullveldi sitt árið 1918 en stofnun Hæstaréttar í kjölfarið 1920 var veigamikill þáttur þeirra miklu tímamóta.

Reykjavík, 8. febrúar 2022

Benedikt Bogason

NÝR SKRIFSTOFUSTJÓRI

Ólöf Finnsdóttir var skipuð til fimm ára skrifstofustjóri Hæstaréttar 1. ágúst 2021 en þann dag lét Þorsteinn A. Jónsson af störfum eftir 17 ára starf sem skrifstofustjóri réttarins. Ólöf lauk laganámi frá Háskóla Íslands árið 1988 og meistaranámi (LL.M.) í lögfræði frá Cambridge University árið 2002. Hún var framkvæmdastjóri dómstólasýslunnar frá stofnun hennar árið 2017. Áður var hún framkvæmdastjóri dómstólaráðs á árunum 2011 til 2017 og skrifstofustjóri Héraðsdóms Reykjavíkur á árunum 2006 til 2011. Skrifstofustjóri stýrir daglegum rekstri réttarins í umboði forseta.

Framundan eru verkefni er snúa að nýtingu rafrænna lausna við meðferð mála, til að byrja með beiðna um kæru- eða áfrýjunarleyfi. Við gildistöku laga nr. 32/2020 um breytingu á ýmsum lögum vegna heimsfaraldurs kórónuveiru voru lögfestar tímabundnar heimildir til framlagningar skjala og annarra gagna við reksturs máls á rafrænan hátt. Tilfni laga-setningarinnar var meðal annars að tryggja aukna notkun rafrænna lausna til þess að draga úr neikvæðum áhrifum faraldursins á framkvæmd lögbundinna verkefna. Til þess að liðka fyrir sendingu gagna í faraldrinum brást Hæstiréttur við með því að opna skjalagátt á vef réttarins sem býður upp á möguleika á sendingu gagna til og frá réttinum á öruggan hátt með nýtingu rafrænna skilríkja. Vonir standa til þess að sú þróun sem nú þegar er

hafin, í þá átt að nýta rafrænar lausnir í starfsemi dómstólanna og þar með talið Hæstaréttar, haldi áfram sem mun til framtíðar litið auka á öryggi gagna.



Ólöf Finnsdóttir



Skrifstofustjóri stýrir daglegum rekstri réttarins í umboði forseta

DÓMARAR

Með lögum nr. 50/2016 um dómstóla sem tóku gildi 1. janúar 2018 var kveðið á um að við Hæstarétt skuli eiga sæti sjö dómarar. Á árinu höfðu eftirtaldir dómarar fasta skipun í embætti hæstaréttardómara:

Ása Ólafsdóttir, fædd 1970, skipuð hæstaréttardómari frá 23. nóvember 2020. Við skipun var hún prófessor við lagadeild Háskóla Íslands og deildarforseti.

Benedikt Bogason, fæddur 1965, skipaður hæstaréttardómari frá 1. október 2012. Við skipun var hann dómstjóri Héraðsdóms Vesturlands. Hann var varaforseti Hæstaréttar frá 27. maí til 31. ágúst 2020 og hefur verið forseti réttarins frá 1. september 2020.

Björg Thorarensen, fædd 1966, skipuð hæstaréttardómari frá 23. nóvember 2020. Við skipun var hún prófessor við lagadeild Háskóla Íslands.

Ingveldur Einarsdóttir, fædd 1959, skipuð hæstaréttardómari 1. janúar 2020. Við skipun var hún dómari við Landsrétt. Hún hefur verið varaforseti Hæstaréttar frá 1. september 2020.

Karl Axelsson, fæddur 1962, skipaður hæstaréttardómari frá 12. október 2015. Við skipun var hann starfandi hæstaréttarlögmaður.

Ólafur Börkur Þorvaldsson, fæddur 1961, skipaður hæstaréttardómari frá 1. september 2003. Við skipun var hann dómstjóri Héraðsdóms Suðurlands.

Sigurður Tómas Magnússon, fæddur 1960, skipaður hæstaréttardómari frá 18. maí 2020. Við skipun var hann dómari við Landsrétt.

Dómarar við Hæstarétt Íslands





Ingveldur Einarsdóttir og Benedikt Bogason.

Forseti og varaforseti

Hæstaréttardómarar kjósa sér forseta til fimm ára í senn og varaforseta til sama tíma. Benedikt Bogason var kjörinn forseti réttarins frá 1. september 2020 til 31. desember 2021 og Ingveldur Einarsdóttir varaforseti sama tímabil. Í árslok voru þau endurkjörin fyrir tímabilið 2022 til 2026.

Forseti fer með yfirstjórn Hæstaréttar og ber ábyrgð á rekstri réttarins og fjárreiðum. Forseti stýrir meðal annars þeirri starfsemi sem ekki er hluti af meðferð máls fyrir dómi og skiptir verkum milli dómara og annarra starfsmanna.



AÐRIR STARFSMENN

Forseti skipar dómstólnum skrifstofustjóra til fimm ára í senn samkvæmt ákvörðun dómenda. Skrifstofustjóri stýrir daglegum rekstri dómstólsins eftir nánari ákvörðun forseta og í umboði hans auk þess að gegna öðrum störfum sem forseti kann að mæla fyrir um.

Forseti Hæstaréttar ræður einnig til réttarins lögfræðimenntaða aðstoðarmenn og aðra starfsmenn og ákveður verkswið þeirra og stöðu. Á árinu störfuðu alls níu aðrir starfsmenn hjá Hæstarétti í rúmlega sjö stöðugildum.

Aníta Gísladóttir

ritari til 31. ágúst 2021

Björn Hólm Magnússon

dómvörður í afleysingum

Gunnar Atli Gunnarsson

aðstoðarmaður hæstaréttardómara frá 28. október 2021

Hilda Valdemarsdóttir

aðstoðarmaður hæstaréttardómara til 5. október 2021

Kristján Ólason

dómvörður

Margrét Helga K. Stefánsdóttir

aðstoðarmaður hæstaréttardómara til 1. september 2021

Ólöf Finnsdóttir

skrifstofustjóri frá 1. ágúst 2021

Peter Dalmay

aðstoðarmaður hæstaréttardómara til 1. október 2021

Snædís Björt Agnarsdóttir

aðstoðarmaður hæstaréttardómara

Sonja Hafdís Pálsdóttir

ritari frá 1. september 2021

Sólveig Bjarnadóttir

bókasafns- og upplýsingafræðingur

Þorsteinn A. Jónsson

skrifstofustjóri til 1. ágúst 2021

VARADÓMARAR

Ráðherra getur sett að tillögu forseta Hæstaréttar varadómara til að taka sæti í tilteknu máli valdi vanhæfi dómara eða forföll því að færri en fimm, eða eftir atvikum sjö dómarar geti skipað dóm í máli. Á árinu voru eftirtaldir varadómarar kallaðir til starfa við réttinn:

Árni Kolbeinsson

fyrirverandi hæstaréttardómari

Árni Vilhjálmsson

lögmaður

Garðar Gíslason

fyrirverandi hæstaréttardómari

Gunnlaugur Claessen

fyrirverandi hæstaréttardómari

Helgi Ingólfur Jónsson

fyrirverandi hæstaréttardómari

Hildur Briem

héraðsdómari

Ingibjörg K. Benediksdóttir

fyrirverandi hæstaréttardómari

Ingibjörg Þorsteinsdóttir

héraðsdómari

Hjördís Hákonardóttir

fyrirverandi hæstaréttardómari

Hólmfríður Grímsdóttir

héraðsdómari

Kristinn Bjarnason

lögmaður

Kristrún Kristinsdóttir

héraðsdómari

Skúli Magnússon

héraðsdómari

Viðar Már Matthíasson

fyrirverandi hæstaréttardómari

Þorgeir Örlygsson

fyrirverandi hæstaréttardómari

Þórunn Guðmundsdóttir

lögmaður



TILNEFNINGAR

Á hverju ári tilnefnir eða skipar Hæstiréttur Íslands í stjórnir, ráð og nefndir á grunvelli laga. Eftirfarandi tilnefningar og skipanir voru á árinu 2021:

Janúar 2021

Kærunefnd jafnréttismála: Kristín Benediktsdóttir, dósent við lagadeild Háskóla Íslands, var tilnefnd sem formaður og Sigurður Örn Hilmarsson, lögmaður, sem varamaður hennar. Andri Árnason, lögmaður, tilnefndur sem varaformaður og Ari Karlsson, lögmaður, sem varamaður hans. Berglind Bára Sigurjónsdóttur, skrifstofustjóri í dómsmálaráðuneytinu, var tilnefnd sem nefndarmaður og Anna Tryggvadóttir, lögfræðingur í félagsmálaráðuneytinu, sem varamaður hennar.

Gerðardómur um kjaramál flugvirkja Landhelgisgæslu ríkisins: Ásta Dís Óladóttir, dósent við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands, Garðar Garðarsson, lögmaður, og Magnús Pétursson, fyrrverandi ríkissáttasemjari, voru tilnefnd.

Félagsdómur – skipun forseta ad hoc: Sigurður Gísli Gíslason, héraðsdómari, var skipaður forseti ad hoc við meðferð tveggja mála.

Febrúar 2021

Kærunefnd jafnréttismála – tilnefning formanns ad hoc: Margrét Vala Kristjánsdóttir, dósent, var tilnefnd sem formaður ad hoc við meðferð eins máls.

Mars 2021

Félagsdómur – skipun forseta ad hoc: Ingibjörg Þorsteinsdóttir, héraðsdómari, var skipuð forseti ad hoc við meðferð eins máls.

Kærunefnd útboðsmála: Reimar Pétursson, lögmaður, var tilnefndur sem formaður og Kristín Haraldsdóttir, lektor við Háskólann í Reykjavík, sem aðalmaður. Tilnefndir varamenn þeirra voru Sigurður Snædal Júlíusson, lögmaður, og Dóra Sif Tynes, lögmaður. Auður Finnbogadóttir, viðskiptafræðingur, var tilnefnd sem þriðji aðalmaður og Hersir Sigurgeirsson, dósent við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands, sem varamaður hennar.

Júlí 2021

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála: Björn Jóhannesson, lögmaður, var tilnefndur sem formaður, Anna Kristín Traustadóttir, viðskiptafræðingur, og Kristín Benediktsdóttir, dósent, voru tilnefndar sem aðalmenn. Lárus L. Blöndal, lögmaður, var tilnefndur sem varaformaður og Brynhildur Benediktsdóttir, hagfræðingur, og Jóna Björk Helgadóttir, lögmaður, sem varamenn.

Félagsdómur – skipun dómara ad hoc: Björn L. Bergsson, héraðsdómari, skipaður ad hoc dómari við meðferð eins máls.

September 2021

Félagsdómur – skipun forseta: Ásgerður Ragnarsdóttir, héraðsdómari, var skipuð forseti dómsins frá 1. september 2021.

Félagsdómur – skipun dómara ad hoc: Björn L. Bergsson, héraðsdómari, var skipaður ad hoc dómari við meðferð eins máls.

Október 2021

Endurupptökudómur: Ása Ólafsdóttir, hæstaréttardómari, var tilnefnd til setu í Endurupptökudómi í tveimur málum.

Nóvember 2021

Kærunefnd útboðsmála – tilnefning ad hoc: Dr. Hrafnkell Kárason, jarðeðlisfræðingur, tilnefndur ad hoc við meðferð eins máls.

Desember 2021

Úrskurðarnefnd náttúruhamfaratrygginga: Lögmennirnir Helgi Birgisson og Hildur Ýr Viðarsdóttur voru tilnefnd sem aðalmenn. Ólafur Örn Svansson, lögmaður, og Valgerður Sólnes, dósent við lagadeild Háskóla Íslands, voru tilnefnd sem varamenn.

HLUTVERK HÆSTARÉTTAR

Við gildistöku nýrra laga um dómstóla nr. 50/2016 hinn 1. janúar 2018 var dómstólaskipan landsins breytt og stofnað nýtt millidómstig, Landsréttur, sem tók við því hlutverki Hæstaréttar að vera áfrýjunardómstóll. Við stofnun Landsréttar samhliða breyttum kröfum um áfrýjun til Hæstaréttar voru réttinum skapaðar betri aðstæður til þess að sinna veigamiklum og fordæmisgefandi málum. Fimm dómarmar taka hverju sinni þátt í meðferð máls en forseti getur þó ákveðið að sjö dómarmar skipi dóm í sérlega mikilvægum málum. Forseti réttarins stýrir dómi ef hann á þar sæti en ella varaforseti.

Málum verður skotið til Hæstaréttar með tvenns konar hætti: Annars vegar með áfrýjun og hins vegar með kæru. Með áfrýjun er átt við, að lokaúrlausn Landsréttar, í undantekningartilvikum héraðsdóms, sé skotið til Hæstaréttar til endurskoðunar. Máli verður ekki áfrýjað til Hæstaréttar nema að fengnu leyfi réttarins. Hæstiréttur ákveður hvort orðið verði við umsókn um áfrýjunarleyfi og má takmarka leyfið við tiltekin atriði máls. Við mat á því hvort fallist verði á beiðni um áfrýjunarleyfi í einkamálum skal líta til þess hvort úrslit máls hafi verulegt almennt gildi eða varði sérstaklega mikilvæga hagsmunum þess sem leitar leyfis. Þá getur Hæstiréttur veitt slíkt leyfi ef ástæða er til að ætla að málsmeðferð fyrir héraðsdómi eða Landsrétti hafi verið stórlega ábótavant eða dómur Landsréttar sé bersýnilega rangur að formi eða efni. Unnt er að óska eftir leyfi Hæstaréttar til að áfrýja landsréttardómi í sakamáli í tilteknum tilvikum. Slíkt leyfi skal aðeins veita ef áfrýjun lýtur að atriði sem hefur verulega almenna þýðingu eða af öðrum ástæðum er mjög mikilvægt að

fá úrlausn Hæstaréttar um. Þá getur Hæstiréttur veitt slíkt leyfi ef ástæða er til að ætla að málsmeðferð fyrir héraðsdómi eða Landsrétti hafi verið stórlega ábótavant eða dómur Landsréttar bersýnilega rangur að formi eða efni. Hafi ákærði verið sýknaður af ákæruefni í héraðsdómi en sakfelldur fyrir Landsrétti skal þó verða við ósk ákærða, eða ákærvaldsins honum til hagsbóta, um leyfi til áfrýjunar nema Hæstiréttur telji ljóst að áfrýjun muni ekki verða til þess að breyta dómi Landsréttar.

Með kæru er almennt átt við, að úrlausn Landsréttar, sem ekki bindur enda á mál að efni til og yfirleitt er í formi úrskurðar, sé skotið til Hæstaréttar. Í sumum tilvikum verður þó endanlegum úrlausnum Landsréttar skotið til Hæstaréttar með kæru, en ekki með áfrýjun, einkum úrlausnum sem varða gildi fullnustugerða sýslumanna, t.d. aðfarargerða og nauðungarsölu. Úrlausnir Landsréttar verða aðeins kærðar til Hæstaréttar að fengnu kæruleyfi réttarins nema í undantekningartilvikum.

Þrjú dómarmar skulu að jafnaði taka ákvörðun um áfrýjunarleyfi og hvort kæra verði tekin til meðferðar. Á árinu 2021 bárust 156 beiðnir um áfrýjunar- eða kæruleyfi,

Áfrýjuð og kærð mál

Þegar umsókn um áfrýjunarleyfi er samþykkt í einkamáli gefur Hæstiréttur út áfrýjunarstefnu í nafni dómsins. Frestur til þingfestingar er að jafnaði ákveðinn sex vikur frá útgáfu stefnu, nema sérstaklega standi á. Þegar mál hefur verið þingfest af hálfu áfrýjanda er stefnda veittur frestur til þess að skila greinargerð og málgögnum af sinni hálfu ef hann hefur tilkynnt að hann hafi í hyggju að halda uppi vörnum. Að gagnaöflun lokinni er máli frestað til munnlegs málflutnings og í kjölfarið sett á dagskrá sem birt er á vef réttarins.

Í sakamálum er það ríkissaksóknara að gefa út áfrýjunarstefnu og birta fyrir ákærða. Að því búnu sendir ríkissaksóknari Hæstarétti áfrýjunarstefnuna og skipar rétturinn ákærða verjanda og eftir atvikum brotáþola réttar-gæslumann. Þegar málgögn hafa borist Hæstarétti ákveður rétturinn ákærvaldi, verjanda og eftir atvikum einkaréttarkröfuhafa frest til að skila greinargerðum og frekari gögnum. Eftir afhendingu greinargerða og gagna er málinu frestað til munnlegs málflutnings og í kjölfarið sett á dagskrá sem birt er á vef réttarins.

Dómsathafnir Landsréttar sæta kæru til Hæstaréttar ef þær fjalla um efnisatriði sem annars vegar eru talin upp í a- til e- liðum 1. mgr. 167. gr. laga um meðferð einkamála og hins vegar í a- til d- liðum 1. mgr. 211. gr. um meðferð sakamála. Hæstiréttur getur þó á hvaða stigi máls synjað að taka kæruefni til meðferðar ef rétturinn telur kæru tilefnislausu. Að liðnum gagnaöflunarfresti getur rétturinn lagt dóma á kærumál. Hafi Hæstiréttur fallist á umsókn um kæruleyfi er meginreglan sú að málinu er frestað til munnlegs málflutnings og í kjölfarið sett á dagskrá sem birt er á vef réttarins.

Á árinu voru flutt samtals 55 áfrýjuð og kærð einkamál og sakamál.

Nánari upplýsingar um fjölda dæmdra mála, skiptingu þeirra og málsúrslit er að finna á bls. 27 í kafla um tölfræði.

HELSTU DÓMAR - REIFANIR

Einkamál

Hrd. 7. janúar 2021 í máli nr. 42/2019
[Samkeppniseftirlitið og íslenska ríkið
gegn Byko ehf. og Norvik hf.]

Í málinu var deilt um hvort B ehf. hefði á nánar tilgreindu tímabili brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og 53. gr. EES-samningsins með samfelldu samráði við H ehf. þar sem skipst hefði verið á upplýsingum sem lágu til grundvallar verðákvörðunum þeirra. Í dómi Hæstaréttar kom fram að háttsemi fyrir-tækjanna hafi haft það að markmiði að raska samkeppni í andstöðu við 10. gr. samkeppnislaga. Þá var talið að hin ólögmetu samskipti hefðu verið til þess fallin að hafa áhrif á mynstur viðskipta milli EES-ríkjanna í skilningi 53. gr. EES-samningsins. Um ákvörðun sektarfjárhæðar vísaði Hæstiréttur til þess að brot B ehf. hefðu verið alvarleg og falið í sér skipulagt og kerfisbundið samráð milli fyrirtækja sem voru nánast einráð á markaði sem væri mikilvægur almenningi. Var N hf., móðurfélagi B ehf., gert að greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð 400.000.000 króna.

Hrd. 5. febrúar 2021 í máli nr. 9/2020
[Benedikt Bogason gegn Jóni Steinari
Gunnlaugssyni]

B höfðaði mál gegn J og krafðist ómerkingar fimm nánar tiltekinna ummæla sem birst höfðu í bók J og miskabóta vegna þeirra. Í dómi meirihluta Hæstaréttar kom fram að þótt ummælin hefðu bæði verið beinskeytt og afar hvöss yrði ekki talið að þau hefðu verið

svo úr hófi fram að þörf væri á því í lýðræðislegu samfélagi, í þágu orðspors annarra eða trausts á dómstólum, að takmarka tjáningar-frelsi J með því að ómerkja þau. Að því gættu að rétturinn til að tjá ósanngjörn, móðgandi og stuðandi ummæli nyti verndar 73. gr. stjórnar-skrárinnar yrði að líta svo á að J hefði með um-mælum sínum ekki vegið svo að æru B að það hefði farið út fyrir mörk tjáningarfrelsisins. Var J því sýknaður af kröfum B en málskostnaður felldur niður. Tveir dómenda skiluðu sér-atkvæði. Þær töldu að ómerkja ætti umrædd ummæli og dæma J til að greiða B miskabætur og málskostnað.

Hrd. 11. febrúar 2021 í málum nr. 22/2020
og 23/2020 [Eiríkur Jónsson og Jón
Höskuldsson gegn íslenska ríkinu]

E og J voru báðir umsækjendur um embætti dómara við Landsrétt og meðal þeirra 15 sem dómnefnd samkvæmt lögum nr. 50/2016 um dómstóla mat hæfasta til starfans. Þegar dómismálaráðherra gerði tillögu til Alþingis um þá 15, sem skipa skyldi dómara við Landsrétt, vék ráðherrann frá niðurstöðum dómnefndar varðandi fjóra umsækjendur og voru E og J meðal þeirra. Alþingi samþykkti tillögu ráðherra og höfðuðu E og J í kjölfarið mál á hendur Í. Í dómi Hæstaréttar kom fram að E og J hefðu leitt að því nægar líkur að forsvaranlegt mat ráðherra á umsókn þeirra og samanburður á hæfni þeirra og annarra umsækjenda um embætti dómara við Landsrétt hefði leitt til þess að þeir hefðu verið skipaðir dómamar um-rætt sinn. Komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að J ætti rétt á skaða- og miskabótum og viðurkennt að Í væri skaðabótaskyldt gagnvart E.

Hrd. 4. mars 2021 í máli nr. 26/2020 [Mjólkursamsalan gegn Samkeppnis- eftirlitinu og íslenska ríkinu]

Í málinu var deilt um hvort MS ehf. hefði misnotað markaðsráðandi stöðu sína með því að selja hrámjólk til vinnslu mjólkurafurða á hærra verði til keppinauta en til eigin framleiðsludeildar og tengdra aðila. Í dómi Hæstaréttar var talið að MS ehf. hefði verið í markaðsráðandi stöðu á viðkomandi markaði. Einnig var talið að MS ehf. hefði mismunað viðskiptaaðilum sínum með ólíkum skilmálum í sams konar viðskiptum og þannig veikt samkeppnisstöðu þeirra og með því brotið með alvarlegum hætti gegn c-lið 2. mgr. 11. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Þá var talið að sú mikla mismunun sem hefði verið á verðlagningu MS ehf. til ótengdra aðila og verði til eigin framleiðslu hefði falið í sér alvarlegan og langvarandi verðþrýsting sem hefði verið til þess fallinn að verja markaðsráðandi stöðu félagsins. MS ehf. var gert að greiða samtals 480.000.000 krónur í sekt í ríkissjóð.

Hrd. 27. maí 2021 í máli nr. 3/2021 [ÍL-sjóður gegn Erlu Stefánsdóttur og Finnbirni Berki Ólafssyni]

Í málinu var deilt um heimild Í til að krefja E og F um þóknun vegna uppgreiðslu á 40 ára húsnæðisláni. Fallist var á að héraðsdómi í málinu yrði áfrýjað beint til Hæstaréttar. Í dómi réttarins var ekki fallist á það með E og F að ákvæði reglugerða, sem Í reisti rétt sinn á til að innheimta uppgreiðslugjald, skorti fullnægjandi lagastoð. Þá var fallist á með Í að E og F hefðu með fullnægjandi og bindandi hætti afsalað sér rétti til uppgreiðslu lánsins án greiðslu þóknunar enda hefðu þau undirritað veðbréfið með þeim skilmálum. Loks var ekki talið koma til álita að ákvæði veðsamningsins yrðu metin ógild á grundvelli meginreglu samningaréttar um ógildi ólögmaetra löggern-

inga, að þeim yrði vikið til hliðar á grundvelli 36. gr. a–c. laga nr. 7/1936 né að ósanngjarnnt eða andstætt góðri viðskiptavenju væri fyrir Í að bera þau fyrir sig, sbr. 1. mgr. 36. gr. sömu laga. Í var því sýknað af kröfum E og F.

Hrd. 16. júní 2021 í máli nr. 8/2021 [A gegn B]

A og B deildu um forsjá dóttur sinnar og umgengni en B hafði sakað A um að hafa brotið kynferðislega gegn barninu og tálmað umgengni. Að öllu virtu sem komið hafði fram í málinu taldi Hæstiréttur að barninu stafaði ekki hætta af A. Við úrlausn um forsjá var vísað til þess að heildarmat á hæfi A og B til að fara með forsjána og þarfir barnsins leiddu til þeirrar niðurstöðu að hagsmunir þess stæðu til þess að B væri falin forsjáin. Á hinn bóginn var talið rétt að barnið nyti ríflegrar umgengi við A til að viðhalda og efla tengsl þeirra og lögð á það rík áhersla að B bæri að hlíta því og stuðla að umgengninni í þágu barnsins.

Hrd. 1. júlí 2021 í máli nr. 9/2021 [A og B gegn C]

A og B kröfðu C um greiðslu á eftirstöðum kaupverðs vegna sölu á fasteign. Í málinu var meðal annars deilt um hvort A og B hefðu við sölu íbúðar sinnar í fjöleignarhúsi til C vanrækt upplýsingaskyldu sína um samskiptavanda íbúa í húsinu þannig að galli teldist á fasteign í skilningi laga nr. 40/2002 um fasteignakaup. Í dómi Hæstaréttar var talið að A og B hefðu leynt upplýsingum um framangreindan samskiptavanda sem þær vissu um og máttu vita að C hefði haft réttmæta ástæðu til að ætla að hún fengi enda hefðu þær verið til þess fallnar að hafa áhrif á efni kaupsamnings. Með hliðsjón af matsgerð dómkvadds manns var því slegið föstu að umfang gallans hefði ekki numið lægri fjárhæð en eftirstöðvum kaupverðs. C var því sýknað af kröfum A og B.

Hrd. 23. september 2021 í máli nr. 15/2021 [A gegn B ses.]

A höfðaði mál gegn B ses. til heimtu bóta vegna uppsagnar B á ráðningarsamningi þeirra á milli. B ses. kvað tilefni uppsagnarinnar vera tilkynningar sem leikhússtjóra B ses. höfðu borist frá nokkrum einstaklingum um kynferðislega áreitni og kynferðislegt ofbeldi af hálfu A. Ágreiningur málsins laut að því hvort rétt hefði verið staðið að uppsögninni. Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að B ses. hefði í grundvallaratriðum vikið frá þeim skráðu hátternisreglum sem honum hefði borið að fara eftir við mat á framkomnum ásökunum á hendur A þótt uppsögnin væri beint tengd þeim. Við þessar aðstæður væri sú forsenda sem sérstaklega hefði verið tilgreind fyrir uppsögninni ekki lögmatrur grundvöllur hennar og hefði jafnframt falið í sér brot á gagnkvæmri trúnaðar- og tillitsskyldu B ses. gagnvart A í samningssambandi þeirra. Þetta var talið saknæmt og var B ses. af þeim sökum talinn bera bótaábyrgð gagnvart A.

Sakamál

Hrd. 12. mars 2021 í máli nr. 34/2019 [Ákærvaldið gegn Sigurjóni Þorvaldi Árnasyni og Sigríði Elínu Sigfúsdóttur]

Endurupptökunefnd varð við beiðni SPÁ og SES um endurupptöku hæstaréttarmáls nr. 456/2014. SPÁ, sem bankastjóri L hf., og SES, sem framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs L hf., voru ákærð fyrir umboðssvik samkvæmt 249. gr. almennra hegningarlaga, með því að hafa veitt I ehf. lán til að fjármagna að fullu kaup félagsins á hlutum í L hf. Þá voru þau ákærð fyrir markaðsmisnotkun samkvæmt 117. gr. laga

um verðbréfavíðskipti vegna sömu kaupa. Enn fremur var SPÁ gefin að sök markaðsmisnotkun samkvæmt 117. gr. við sölu L hf. á hlutum í bankanum. Í dómi Hæstaréttar var talið að ekki hefði verið fullnægt skilyrðum 249. gr. almennra hegningarlaga og voru þau því sýknuð af þeim ákærulið. Hins vegar var talið að með ákvörðun SPÁ um framangreint lán til I ehf. hefði hann brotið gegn a-lið 1. töluliðar 117. gr. laga um verðbréfavíðskipti. SES var jafnframt sakfelld fyrir hlutdeild í því broti. Þá var talið hafið yfir vafa að SPÁ hefði við sölu L hf. á hlutum í bankanum gerst sekur um brot gegn a-lið 1. töluliðar 117. gr. sömu laga. Refsing SPÁ var ákveðin fangelsi í 12 mánuði en SES var ekki gerð refsing.

Hrd. 18. mars 2021 í máli nr. 34/2020 [Ákærvaldið gegn X]

X var ákærður fyrir stórfellt fíkniefnalagabrot með því að hafa ásamt Y staðið að innflutningi á fíkniefnum. Með héraðsdómi var Y sakfelldur en X sýknaður af ákærinni þar sem sök þótti ekki sönnuð gegn neitun hans. Með dómi Landsréttar var X sakfelldur fyrir brotið og gert að sæta fangelsi í 5 ár. Við aðalmeðferð málsins fyrir Landsrétti skoraðist X undan að gefa skýrslu um sakargiftir. Engin frekar sönnunarfærsla fór fram fyrir réttinum utan þess að spiluð var hljóðupptaka af skýrslu lögreglumanns. Í dómi Hæstaréttar kom fram að sá háttur Landsréttar að endurskoða þrátt fyrir þetta sönnunargildi munnlegra framburða X og Y, hefði farið í bága við regluna um milli-liðalaus sönnunarfærslu og því í ósamræmi við áskilnað um réttláta málsmeðferð, sbr. 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Hinn áfrýjaði dómur var því ómerktur og málinu vísað aftur til Landsréttar.

Hrd. 25. mars 2021 í máli nr. 29/2020 [Ákærvaldið gegn Júlíusi Vífli Ingvarssyni]

J var ákærður fyrir peningabætti samkvæmt 1., sbr. 2. mgr., 264. gr. almennra hegningarlaga með því að hafa á árunum 2010 til 2014 geymt ávinning af skattalagabrotum á erlendum bankareikningi í sínu nafni og ráðstafað þeim fjármunum á árinu 2014 inn á annan erlendan bankareikning sem var í eigu vörslusjóðs sem skráður var í Panama og J var réttthafi að. Í dómi Hæstaréttar var rakið að sú háttsemi J sem lýst væri í ákæru hefði staðið yfir þegar sjálfspætti var gert refsivert 1. janúar 2010 og þar til J ráðstafaði ávinningnum inn á annan bankareikning á árinu 2014. Kæmi því ekki til álita að 1. mgr. 2. gr. almennra hegningarlaga og 1. mgr. 69. gr. stjórnarskrárinnar, um bann við afturvirkri beitingu refsilaga, kæmi í veg fyrir að verknaður J teldist refsiverður. Var talið að brot gegn 264. gr. almennra hegningarlaga fælu í sér ástandsbrot sem fyrndust ekki fyrr en ástandinu lyki, sbr. 1. mgr. 82. gr. laganna. Refsing J var ákveðin fangelsi í sex mánuði en fullnustu hennar frestað skilorðsbundið í tvö ár.

Hrd. 29. apríl 2021 í máli nr. 40/2020 [Ákærvaldið gegn Kristínu Valgerði Gallager]

K var sakfelld fyrir brot gegn 139. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að hafa í opinberu starfi sínu sem landamæravörður ítrekað flett upp tveimur tilgreindum einstaklingum í LÖKE-lögreglukerfinu og skoðað þar upplýsingar um þau og lögreglumál þeim tengd án þess að uppfléttingarnar hefðu tengst starfi hennar. Í dómi Hæstaréttar kom fram að K hefði misnotað sér stöðu sína sem opinber starfsmaður og hallað réttindum þeirra sem upplýsingaöflunin hefði beinst að. Ásetningur hennar hefði staðið til þess að afla sér upplýsinga um tilgreinda einstaklinga og þannig misnota sér aðstöðu sína. Skipti þá að

öðru leyti engu hvort hún hefði um leið búið yfir ásetningi til þess að brjóta með þeirri háttsemi gagnert gegn réttindum einstakra manna samkvæmt 139. gr. almennra hegningarlaga. K var gert að greiða 100.000 króna sekt í ríkissjóð innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dómsins en sæta ella átta daga fangelsi í stað sektarinnar.

Hrd. 16. júní 2021 í máli nr. 12/2021 [Ákærvaldið gegn Lukasz Soliwoda og Tomasz Walkowski]

L og T voru sakfelldir fyrir nauðgun með því að hafa haft samræði við A án hennar samþykkis með því að beita hana ólögmætri nauðung. Við ákvörðun refsingar var litið til þess að brot L og T hefðu verið alvarleg og beinst gegn ungri stúlku sem hefði verið stödd ein og ölvuð um nótt á heimili ókunnugra manna og að þeim hefði ekki getað dulist að um barn var að ræða. Þá var að nokkru litið til tafa sem hefðu orðið á rannsókn lögreglu. Refsing L og T var ákveðin fangelsi í þrjú ár og sex mánuði auk þess sem þeim var hvorum um sig gert að greiða A 1.800.000 krónur í miskabætur.

VIÐBURÐIR Á ÁRINU

Heiðursrit

Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands, færði Hæstarétti 19. mars ritið „*Hæstiréttur og Háskóli Íslands: Rit til heiðurs Hæstarétti 100 ára*“. Með því að gefa út ritið var Háskóli Íslands að minnast aldarafmælis réttarins en ritið hefur að geyma 19 ritgerðir á sviði réttarfars eftir fyrrverandi aðstoðarmenn dómara við réttinn. Ritstjóri var Kristín Benediktsdóttir en aðrir í ritnefnd voru Árni Kolbeinsson, Guðrún Erlendsdóttir og Markús Sigurbjörnsson. Hæstiréttur tók við ritinu í útgáfuhófi og þar voru Háskólanum færðar þakkir fyrir útgáfuna.



Frá útgáfu ritsins hinn 19. mars 2021





Frá heimsókn hæstaréttardómara til Íslands í júlí 2021.

Heimsókn forseta Alþingis

Steingrímur J. Sigfússon forseti Alþingis heimsótti Hæstarétt 14. maí ásamt Rögnu Árnadóttur, skrifstofustjóra Alþingis, Þorsteini Magnússyni, varaskrifstofustjóra og Þórhalli Vilhjálmssyni, forstöðumanni lagaskrifstofu þingsins.

Samráðsfundur með Lögmannafélagi Íslands

Hinn 25. maí áttu forseti og varaforseti réttarins samráðsfund með stjórn Lögmannafélags Íslands þar sem félagið færði réttinum listaverk að gjöf í tilefni af aldarafmæl réttarins. Listaverkið er höggmynd úr kopar og nefnist „Hugur“ eftir Helga Gíslason myndhöggvara.

Móttaka tveggja hæstaréttardómara frá Bandaríkjunum

Í júlí var haldinn sumarskóli fyrir laganema við George Mason University en lagadeild skólans er kennd við hæstaréttardómarann Antonin Scalia. Til landsins komu á þriðja tug laganema og dvöldu hér um tveggja vikna skeið en námið fór fram í húsakynnum Háskóla Íslands. Meðal kennara í sumarskólanum voru hæstaréttardómararnir Elena Kagan og Neil M. Gorsuch. Hópurinn heimsótti Hæstarétt og að lokinni þeirri heimsókn áttu fjórir af dómurum réttarins fund með bandarísku dómurinum um það sem efst var á baugi hjá báðum dómstólunum.

Nýr skrifstofustjóri

Ólöf Finnsdóttir var skipuð skrifstofustjóri Hæstaréttar frá 1. ágúst til fimm ára. Hún tók við embættinu af Þorsteini A. Jónssyni sem hafði gegnt því í 17 ár frá árinu 2004.

Haustferð

Starfsmenn Hæstaréttar fóru í árlega haustferð 16. og 17. september. Í þetta sinn var farið um Austurland. Starfsfólkið heimsótti Héraðsdóm Austurlands þar sem Ólafur Ólafsson, dómstjóri, tók á móti hópnum og kynnti starfsemi dómstólsins. Einnig tók Margrét María Sigurðardóttir, lögreglustjórinn á Austurlandi, á móti starfsfólkinu og gerði grein fyrir starfsemi lögreglu í umdæminu. Þá skoðaði starfs-



Benedikt, Ólöf, Þorsteinn og Ingveldur



Af málflytningsæfingu laganema frá Háskóla Íslands í nóvember 2021.



Endurupptökudómur: Jóhannes Karl Sveinsson lögmaður, Ása Ólafsdóttir hæstaréttardómari og Eyvindur G. Gunnarsson prófessor.

fólkið Kárahnjúkavirkjun og önnur mannvirki Landsvirkjunar undir leiðsögn starfmanna fyrirtækisins. Loks fór starfsfólkið til Vopnafjarðar þar sem varaforseti réttarins tók á móti því húsi sínu.

Málflutningsæfing

Í nóvember fengu laganemar við Háskóla Íslands að setja upp sviðsett réttarhöld í dómsal II en sá salur hefur ekki verið mikið notaður eftir að Hæstiréttur fór að starfa í einni deild frá árinu 2018. Ánægjulegt var að taka á móti laganemunum og mun rétturinn áfram bjóða salinn til afnota fyrir laganema háskólanna.

Kjör forseta og varaforseta

Á fundi dómara 15. nóvember var Benedikt Bogason endurkjörinn forseti réttarins og Ingveldur Einarsdóttir varaforseti fyrir tímabil-ið 2022 til 2026. Þau tóku við þessum embættum 1. september 2020.

Endurupptökudómur

Í desember fékk Endurupptökudómur til afnota dómsal II í Hæstarétti og voru þrjú mál flutt fyrir honum. Gert er ráð fyrir því að Endurupptökudómur hafi þann dómsal til ráðstöfunar.

TÖLFRÆÐI

MÁL Í HÆSTARÉTTI

Dæmd mál

Tegund mála	2018	2019	2020	2021
Áfrýjuð einkamál	0	28	27	27
Áfrýjuð sakamál	1	2	4	11
Kærð einkamál	12	17	7	14
Kærð sakamál	5	3	0	3
Samtals mál	18	50	38	55

Innkomin mál og lyktir þeirra

Öll mál	2018	2019	2020	2021
Óafgreidd mál í ársbyrjun	0	16	18	20
Innkomin mál á árinu	38	58	41	56
Mál til afgreiðslu	38	74	59	76
Dómar	18	50	38	55
Afturkallað/fellt niður	4	6	1	0
Samtals afgreidd mál	22	56	39	55
Óafgreidd mál í árslok	16	18	20	21

Málsmeðferðartími

Tegund mála	2018	2019	2020	2021
Áfrýjuð einkamál	0	141	205	200
Áfrýjuð sakamál	31	0	173	164
Kærð einkamál	31	49	72	31
Kærð sakamál	45	11	0	12
Meðaltal dagar	35	98	177	137

Málsmeðferðartími einkamála telst frá því að áfrýjunarstefna er gefin út.

Málsmeðferðartími sakamála telst frá því að útgefin áfrýjunarstefna berst frá ríkissaksóknara.

Það athugið að endurupptekin dómsmál reiknast ekki með í málsmeðferðartíma.

Málsúrslit


Málsúrslit	2018	2019	2020	2021
Staðfest	11	30	20	22
Breytt að einhverju leyti	0	0	5	7
Breytt að verulegu leyti	0	2	2	2
Snúið við	1	5	5	8
Ómerking/frávísun	6	13	6	14
Samtals dómar	18	50	38	*53

*Heildarfjöldi dæmdra mála 2021 var 55. Af þeim voru tvö endurupptökumál en úrslit þeirra eru eðli máls samkvæmt ekki tiltekin í þessari töflu.

Málskotsbeiðnir – Áfrýjunar- eða kæruleyfi

Málskotsbeiðnir alls	2018	2019	2020	2021
Beiðnir frá fyrra ári	0	8	13	21
Nýjar beiðnir	69	166	138	156
Beiðnir til afgreiðslu	69	174	151	177
Afgreiddar beiðnir	61	161	130	155
Óafgreiddar beiðnir í árslok	8	13	21	23

Málskotsbeiðnir árið 2021 og lyktir þeirra





Áfrýunarleyfi -einkamál	2018	2019	2020	2021
Beiðnir frá fyrra ári	0	4	8	13
Nýjar beiðnir	33	99	85	85
Beiðnir til afgreiðslu	33	103	93	98
Samþykktar	12	36	23	25
Hafnað	17	59	57	55
Afturkallaðar/Felldar niður	0	0	0	1
Samtals afgreiddar beiðnir	29	95	80	81
Óafgreiddar beiðnir í árslok	4	8	13	18

Áfrýunarleyfi -sakamál	2018	2019	2020	2021
Beiðnir frá fyrra ári	0	0	1	3
Nýjar beiðnir	14	34	27	44
Beiðnir til afgreiðslu	14	34	28	47
Samþykktar	1	1	7	11
Hafnað	13	32	18	32
Afturkallaðar/Felldar niður	0	0	0	1
Samtals afgreiddar beiðnir	14	33	25	44
Óafgreiddar beiðnir í árslok	0	1	3	3

Kæruleyfi	2018	2019	2020	2021
Beiðnir frá fyrra ári	0	4	4	5
Nýjar beiðnir	22	33	26	27
Beiðnir til afgreiðslu	22	37	30	34
Samþykktar	2	4	3	5
Hafnað	13	25	21	22
Afturkallaðar/Felldar niður	3	4	1	2
Samtals afgreiddar beiðnir	18	33	25	29
Óafgreiddar beiðnir í árslok	4	4	5	2


VEFUR HÆSTARÉTTAR Í TÖLUM

Á vefnum **haestirettur.is** má finna alla dóma sem kveðnir hafa verið upp í Hæstarétti frá 1. janúar 1999. Ákvarðanir um áfrýjunar- og kæruleyfi eru einnig birtar á vefnum ásamt dagskrá réttarins.


208.247
heimsóknir

Meðallengd
heimsóknar
6:54 mín

49.854
gestir




Heimsóknir á vefinn frá janúar 2020 til janúar 2022




Helsta notkun á vefnum




Umferð eftir aldri og kyni



Umferð eftir uppsprettu



Umferð eftir tækjaflokki



FYRRVERANDI DÓMARAR VIÐ HÆSTARÉTT

Nafn	Lét af störfum:	Nafn	Lét af störfum:
Ármann Snævarr	01.11.1984	Helgi Ingólfur Jónsson	30.04.2020
Árni Kolbeinsson	28.02.2014	Hjördís Hákonardóttir	31.07.2010
Árni Tryggvarson	31.05.1964	Hjörtur Torfason	28.02.2001
Arnljótur Björnsson	31.08.2000	Hrafn Bragason	31.08.2007
Benedikt Blöndal	22.04.1991	Ingibjörg Benediksdóttir	28.02.2014
Benedikt Sigurjónsson	31.12.1981	Jón Ásbjörnsson	31.03.1960
Bjarni K. Bjarnason	31.12.1991	Jónatan Hallvarðsson	31.12.1969
Björn Sveinbjörnsson	10.10.1985	Jón Steinar Gunnlaugsson	30.09.2012
Eggert Briem	13.08.1935	Kristján Jónsson	02.07.1926
Einar Arnalds	29.02.1976	Lárus H. Bjarnason	31.03.1931
Einar Arnórsson	30.04.1945	Lárus Jóhannesson	10.03.1964
Eiríkur Tómasson	31.08.2017	Logi Einarsson	31.12.1982
Garðar Gíslason	30.09.2012	Magnús Thoroddsen	08.12.1989
Gizur Bergsteinsson	01.03.1972	Magnús Þ. Torfason	31.12.1987
Greta Baldursdóttir	31.08.2020	Markús Sigurbjörnsson	30.09.2019
Guðmundur Jónsson	31.08.1991	Páll Einarsson	13.08.1935
Guðmundur Skaftason	31.12.1989	Pétur Kristján Hafstein	30.09.2004
Guðrún Erlendsdóttir	15.04.2006	Páll Hreinsson	15.09.2017
Gunnar M. Guðmundsson	31.08.1994	Sigurgeir Jónsson	30.06.1986
Gunnar Thoroddsen	16.09.1970	Viðar Már Matthíasson	30.09.2019
Gunnlaugur Claessen	31.08.2013	Þorgeir Örlygsson	31.08.2020
Halldór Daníelsson	16.09.1923	Þórður Eyjólfsson	31.12.1965
Halldór Þorbjörnsson	31.08.1987	Þór Vilhjálmsson	30.06.1995
Haraldur Henrysson	31.08.2003		



HÆSTIRÉTTUR
ÍSLANDS

2022